

RITSTJÓRNARPISTILL

Ágæti lesandi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gefur nú út fjórða tölublað af Gátt, ársriti um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun. Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, í víðtæku samstarfi um símenntun á íslenskum vinnumarkaði. Samstarfið nær til þróunar nýrra aðferða til að efla þekkingu og færni fólks á vinnumarkaði sem og framkvæmdar samstarfsverkefna. Með Gátt gefst tækifæri til að skapa vettvang fyrir umræðu um þau verkefni, viðhorf og kenningar sem efst eru á baugi hverju sinni.

Markmið ritsins er sem fyrr: Að efla umræðu um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi, enn fremur að safna saman og miðla reynslu, kynna það sem efst er á baugi í fræðunum, kenningum, aðferðum, námsleiðum, gögnum, tækjum og vefsíðum. Markmið okkar er að í Gátt birtist fjölbreytt úrval greina um hvaðeina sem varðar fræðslu fullorðinna. Ritið er ætlað víðum hópi í samfélaginu: þeim sem stjórna og vinna að fræðslumálum, leiðbeinendum, kennurum og námsmönnum og síðast en ekki síst öllum öðrum sem hafa áhuga á að kynna sér nýjungar og helstu sjónarmið í fræðslu fullorðinna.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fagnar um þessar mundir fimm ára afmæli sínu. Á þessum fimm árum hefur starfsemin vaxið og eflst og nú er miðstöðin við það að slíta barnsskónum og komast á skólaaldur. Okkur sem þar störfum, hafa verið falin fjölbreytt verkefni bæði af hálfu eigendanna, aðilum atvinnulífsins sem og opinberum aðilum sem fjármagna að stórum hluta starfsemina. En við höfum einnig átt frumkvæði að ýmsum verkefnum, innlendum, norrænum sem og evrópskum. Í fjórða tölublaðinu er greint frá starfsemi FA og fjallað er um nokkur verkefni sem unnið hefur verið að á árinu 2007.

Um leið og tímamótum er fagnað þykir tilhlýðilegt að líta um öxl og reyna að leggja mat á hvað áunnist hefur. Við í ritstjórninni höfum einmitt valið mat sem þema ársins. Í þetta skipti er rauði þráðurinn sem sagt mat í orðsins víðasta skilningi. Mat á frammistöðu, mat á árangri, mat á ávinningi, mat á raunfærni og svo mætti lengi telja.

Greinarnar sem birtast í ritinu endurspeglja þemað. Reynt er að svara spurningum eins og hvort á Íslandi sé símenntunarþjóðfélag? Hvernig er hægt að meta hvað er gott námsefni? Hvernig er ávinningur af námi metinn? Hvernig er færni og þekking sem fólk hefur aflað sér með ýmsum hætti í lífinu eða raunfærni metin? Hvaða áhrif hefur raunfærnimat á einstaklinga og líf þeirra? Hvaða áhrif hefur það á líf einstaklinga að hefja nám að nýju eftir áratuga hlé?

Eins og fyrr teljum við okkur í ritstjórninni lánsamar að hafa fengið til liðs við okkur breiðan hóp fólks við skriftirnar. Í hópi greinahöfunda eru fræðsluaðilar, leiðbeinendur, náms- og starfsráðgjafar, námsmenn, stjórnendur fyrirtækja, sérfræðingar og svo mætti lengi telja. Allir þessir aðilar eiga eitt sameiginlegt, á einn eða annan hátt vilja þeir stuðla að því að fullorðnir auki stöðugt við færni sína.

Það á sér samhljóm í einni af niðurstöðunum í nýútkominni skýrslu norræna þankabankans um færni til framtíðar, þ.e.a.s. að hver einstaklingur verði sífellt að efla færni sína. Við sem einstaklingar berum sjálf ábyrgð á að bæta okkur, en það er atvinnulífsins og stjórnvalda að koma á skipulagi og skapa skilyrði til þess að okkur sé það mögulegt. Samantekt á skýrslu þankabankans er í ritinu.

Við vonum að þetta eintak af Gátt verði kærkomin lesning þeim sem koma að námi fullorðinna. Við hvetjum lesendur til að láta skoðanir sínar í ljósi, gefa okkur ábendingar og senda okkur hugmyndir og taka virkan þátt í því að efla fullorðinsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi.

Ritstjórn